

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

121. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 21. mars 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.03.2013:
3. Skipulagsstofnun – kynning:
4. Samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Pingeyjarsveit – seinni umræða:
5. Aðalfundur Norðurorku hf. 2013:
6. Loftmyndir ehf. – samningur:
7. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Gistiheimilið Garði Aðaldal:
8. Trúnaðarmál 04-130321:

Til kynningar:

- a) Fundargerð aukafundar Eyþings frá 12.02.2013:
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga frá 20.02.2013:
- c) Fundargerð 12. fundar stjórnar Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar frá 21.02.2013:

Mætt: Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásta Svavarsdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Eiður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Varaoddviti setti fund. Hann óskaði eftir breytingu á dagskrá, að 3. liður; Skipulagsstofnun – kynning verði færður undir 2. lið, aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Skipulagsstofnun – kynning:

Fulltrúar frá Skipulagsstofnun mættu til fundarins og fóru yfir hugsanlegar breytingar á aðalskipulagi þar sem landnotkun á hluta frístundabyggðar í Lundsskógi yrði breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð. Fulltrúarnir svöruðu fyrirspurnum og fóru yfir kosti og galla hugsanlegrar breytingar á landnotkun. Skipulags- og byggingarfulltrú og fulltrúar Skipulags- og umhverfisnefndar sátu einnig fundinn undir þessum lið.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14.03.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 14. mars. s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Fyrsti liður fundargerðar; Rauðaskriða I-III. Breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði grenndarkynnt sem óveruleg breyting skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð grenndarkynningarinnar skv. 2. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga.

Annar liður fundargerðar; Skógar. Stofnun fasteignar/spildu.

Sveitarstjórn samþykkir erindi Vegagerðarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast stofnun spildunnar (fasteignarinnar).

Fjórði liður fundargerðar; Upprekstrarland milli Höfðagilja. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

Sveitarstjórn samþykkir erindi Forsætisráðuneytisins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna stofnunar þjóðlendunnar.

Fimmti liður fundargerðar; Almennigur. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

Sveitarstjórn samþykkir erindi Forsætisráðuneytisins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna stofnunar þjóðlendunnar.

Sjötti liður fundargerðar; Framdalaafreittur. Umsókn um stofnun þjóðlendu.

Sveitarstjórn samþykkir erindi Forsætisráðuneytisins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna stofnunar þjóðlendunnar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

4. Samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit – seinni umræða:

Lagt fram til síðari umræðu samþykkt um gatnagerðagjald, fráveitugjöld, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn staðfestir samþykktina.

5. Aðalfundur Norðurorku hf. 2013:

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku hf. 2013 sem haldinn verður 22. mars n.k.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6. Loftmyndir ehf. – samningur:

Lögð fram drög að samningur við Loftmyndir ehf. um leiguafnot á tölvutækum landfræðilegum gögnum, myndkortum og kortasjá.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá fyrirbyggjandi samningi með hliðsjón að umræðu sem fram fór á fundinum.

7. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Gistiheimilið Garði Aðaldal:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu heimagistinga, fyrir Gistiheimilið Garði, Aðaldal.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á rekstrarleyfinu.

8. Trúnaðarmál 04-130321:

Niðurstaða skv. bókun fundarins færð í trúnaðarmálabók.

Til kynningar:

- a) Fundargerð aukafundar Eyþings frá 12.02.2013:
- b) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 20.02.2013:
- c) Fundargerð 12. fundar stjórnar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar frá 21.02.2013:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Arnór Benónýsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Eiður Jónsson

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir